



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27.2.2024
Tilvísun: 202402-0117

Efni: Umsögn héraðssaksóknara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála o.fl.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð sakamála o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra, o.fl.), 691. mál.

Héraðssaksóknari fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu og hafa það að markmiði að einfalda, samræma og færa meðferð dómsmála til nútímans.

Sérstaklega telur embættið mjög jákvætt að lögð sé til varanleg heimild til þess að sakborningar og vitni geti gefið skýrslu hjá lögreglu og fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Það er mikilvægt að hægt sé að bregðast við með þeim hætti, t.d. þegar aðilar eru staddir fjarri þingstað, svo sem erlendis. Þá fagnar héraðssaksóknari því að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að gæta þurfi vel að því að skýrslugjafi auðkenni sig með sannarlegum hætti og að gætt sé vel að því að skýrslugjöfin fari fram við viðunandi aðstæður og tryggt sé að skýrslugjafi sé ekki undir þrýstingi eða áhrifum frá öðrum við skýrslugjöfina. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja þessi atriði þegar sakborningur, brotþoli eða mikilvæg vitni gei skýrslu með þessum hætti þannig að réttaröryggis sé gætt.

Þá telur héraðssaksóknari mikla réttarbót fölgna í þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á 66. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. að við skýrslu hjá lögreglu riti skýrslutaki undir með lögreglunúmeri sínu en ekki nafni eins og verið hefur. Er þetta mikilvægt í því skyni að vernda lögreglumenn og aðra starfsmenn lögreglu, einkalíf þeirra og öryggi.

Þá er það mjög jákvætt að með frumvarpinu sé lagt til að birta megi ákæru, vitnakvaðningar, dóma o.fl. í stafrænu pósthólfi. Núverandi fyrirkomulag þar sem meginreglan er sú að birting ákæru og annara sambærilegra gagna, fari fram með birtingu sem framkvæmd er af lögreglumanni, starfsmanni fangelsismálastofnunar eða stefnuvotti, er tímaftek og rímar illa við nútímalega samskiptahætti. Þá getur slíkt verið ansi íþyngjandi fyrir t.d. ákært fólk því þeim er oftast birt á heimili eða vinnustað auk þess sem núgildandi lög heimila að slík gögn séu birt á lögheimili, fyrir þeim sem þar finnst fyrir. Þá má í undantekningartilvikum, þegar ekki tekst að birta með hefðbundnum hætti, birta umrædd gögn í Lögbirtingarblaði. Færa má fyrir því mjög

gild rök að birting gagna af þessum toga í stafrænu pósthólfi viðkomandi feli í sér mikla réttarbót, ekki síst fyrir þann sem birta á fyrir og friðhelgi einkalífs hans, en einnig þar sem í því felst mikill tíma- og fésparnaður fyrir hið opinbera. Þessi sjónarmið koma vel fram í athugasemdum með frumvarpinu og er tekið heilshugar undir þau.

Í frumvarpinu er jafnframt rakið að við samningu þess hafi verið litið m.a. til niðurstöðu vinnuhóps á vegum dómsmálaráðherra um stafrænar birtingar. Vinnuhópurinn skoðaði sérstaklega þrjár mismunandi leiðir hvað þetta varðar:

a. Að gagn (ákæra) teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi.

b. Að gagn (ákæra) teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi og viðkomandi hefur skráð sig inn í pósthólfið eftir það.

c. Að gagn (ákæra) teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi og viðkomandi hefur skráð sig inn í pósthólfið og opnað gagnið.

Í fyrirleggjandi frumvarpi er lagt til að farin verið leið sem lýst er sem sambland af leiðum b og c. Eins og segir í athugasemdum: „Nánar tiltekið að ákæra teljist réttilega birt í stafrænu pósthólfi þegar viðkomandi hefur staðfest móttöku henrar þar. Aftur á móti er ekki gerð krafa um að hann hafi kynnt sér efni ákæru eða að efni hennar hafi komist til vitundar hans. Í framkvæmd er fyrirhugað að þetta fari fram þannig að þegar viðkomandi skráir sig inn í pósthólfið eftir að ákæra hefur verið gerð aðgengileg þar birtist honum gluggi þar sem gerð er grein fyrir því að verði pósturinn opnaður muni birtingaraðila verða send staðfesting á móttöku skjalsins. Jafnframt verði í glugganum að finna nánari upplýsingar um að opni viðkomandi ekki póstinn muni annarra leiða verða leitað til birtingar gagnsins, eftir atvikum með aðkomu lögreglu.“

Að mati héraðssaksóknara er hér um að ræða útfærslu se n gengur ekki upp enda með öllu ótækt að einstaklingur geti með þessum hætti neitað að taka við birtingu. Sá sem til stendur að birta ákæru með hefðbundnum hætti í samræmi við núgildandi lög getur t.d. ekki neitað að láta birta sér og ef lögregla hefur uppi á honum er bókað um birtingu þótt viðkomandi geti s.s. neitað að skrifa undir.

Héraðssaksóknari hefur að sjálfsögðu skilning á því að tryggja þurfi með ítarlegum hætti réttindi sakaðra manna þegar kemur að birtingu ákæru og dóms enda miklir hagsmunir í húfi fyrir þá. Hins vegar gengur ekki upp að lögin geri ráð fyrir því að sakaðir menn eða dómfelldu geti sjálfir ákveðið hvort þeim sé birt eða ekki og þannig komist undan réttvísinni. Héraðssaksóknari telur þannig að rétt sé að horfa til leiðar b í tillögu vinnuhópsins. Samhliða því verði stafræna pósthólfið forritað þannig að ákærandi sem skráður er fyrir máli fái tilkynningu í tölvupósti þegar viðkomandi hafi skráð sig inn í pósthólfið eftir að skjal hefur verið gert þar aðgengilegt. Þannig sé upplýst um að birting hafi tekist án þess að ákæruvaldið hafi frekari upplýsingar um stafrænt pósthólf viðkomandi en nauðsynlegt er.

Í því skyni að bæta öryggi birtingar með þessum hætti er bent á tvö atrið sem væru til bóta. Því mætti koma til leiðar að þegar setja á gögn af þessu tagi í stafrænt pósthólfi, komi upp ábendingagluggi ef viðkomandi er ekki með rafræn skilríki og þannig ekki með aðgang að stafrænu pósthólfi. Myndi birting þá strax vera sett í þann farveg sem nú er í gildi. Þá mætti

hugsanlega forrita kerfið þannig að ekki sé mögulegt að afþakka sjálfkrafa hnipp í gegnum kerfið þegar ákæra, vitnakvaðning eða dómur er sendur í birtingu í stafrænt pósthólf þannig að viðkomandi fái alltaf tölvupóst og/eða sms skilaboð þegar það gerist.

Verði ekki fallist á þessi sjónarmið héraðssaksóknara telur embættið að skárri kostur sé að miða við leið c, þ.e. að skjal teljist birt þegar viðkomandi hefur skráð sig inn í pósthólfíð og opnað gagnið. Það að bjóða viðkomandi upp á að hafna því að taka við birtingu eins og frumvarpið leggur til er í raun verri leið að mati héraðssaksóknara en sú að fara leið c.

Embætti héraðssaksóknara

Ólafur Hauksson, héraðssaksóknari

